

r 2010, föstudaginn 25. júní, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

E-7926/2009:

Nýi Glitnir banki hf.

gegn

Ragnari Sæ Ragnarssyni

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r

I

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 9. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Íslandsbanka hf., kt. 000000-0000, Kirkjusandi 2, Reykjavík, nú Nýja Glitni banka hf., með stefnu birtri 20. júní 2009, á hendur Ragnari Sæ Ragnarssyni, kt. 000000-0000, Dalhúsi 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.999.495 ásamt dráttarvöxtum, skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 frá 07.10.2008 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, auk virðisaukaskatts af honum.

Dómkröfur stefnda eru þær **aðallega**, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, en **tíl vara**, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Að auki krefst stefndi þess í báðum tilvikum að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi við aðalflutning málsins. Stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og er því farið fram á að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II

Málavextir

Málavextir eru þeir, að þann 1. október 2008 gerði stefndi samning við þáverandi Glitni banka hf. um kaup á hlutabréfum í Glitni banka fyrir kr. 2.000.000, með því að undirrita svokallaða afgreiðslupöntun. Samkvæmt bráðabirgðakvittun var heildarverð bréfanna kr. 1.979.698. Þóknun nam kr. 19.797 og afgreiðslugjald kr. 300, eða samtals kr. 1.999.795. Á bráðabirgðakvittuninni kemur enn fremur fram, að dagsetning viðskipanna sé 2. október 2008 en dagsetning uppgjors 7. október 2008. Þá kemur fram, að viðskipti séu skráð á vörzlureikning 105202. Á afgreiðslupöntunina hefur starfsmaður bankans handskráð eftirfarandi: „Pen. verður lagður inn í fyrramálið.“ Uppgjörið átti að fara fram með skuldfærslu af tékkareikningi stefnda hjá Glitni banka nr. 105202.

Að kvöldi sunnudagsins 5. október hringdi fulltrúi bankans, sem stefndi hafði haft samskipti við vegna viðskiptanna, heim til stefnda til að knýja á um, að stefndi greiddi kaupverð bréfanna strax næsta dag. Hinn 6. október voru hins vegar sett á svokölluð neyðarlög, sem heimiluðu Fjármálaeftirlitinu að yfirtaka íslenskar fjármálastofnanir.

Stefndi kveðst hafa ætlað að greiða andvirði hlutabréfanna hinn 7. október 2008, en þá hafi FME tilkynnt, að stofnunin hefði tekið yfir vald hluthafafundar Glitnis Banka hf., vikið félagsstjórn bankans í heild sinni frá störfum og skipað skilanefnd, sem tæki við öllum heimildum stjórnar félagsins, og hafi bankinn verið lokaður og stefnda ógerlegt að inna greiðslu af hendi.

Stefndi kveður, að þar sem hann hefði ekki fengið afhent hlutabréf í Glitni banka fyrr en þau hefðu verið orðin verðlaus, hefði hann talið eðlilegt, að kaupin hefðu þar með fallið niður.

Greinir aðila á um greiðsluskyldu stefnda fyrir umrædd hlutabréf.

-

III

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þann 02.10. 2008 hafi stefndi, Ragnar Sær Ragnarsson, keypt hlutabréf í Glitni banka, kt. 000000-0000, í gegnum kauphöll Íslands, fyrir milligöngu Glitnis banka, að nafnverði kr. 420.318, á genginu 4,71. Uppgjör viðskiptanna hafi átt að fara fram þann 07.10. 2008 með skuldfærslu af tékkareikningi stefnda hjá Glitni, nú Íslandsbanka hf., kt. 000000-0000, nr. 105202, sbr. meðfylgjandi viðskiptayfirlit. Á uppgjorsdegi þann 07.10. 2008 hafi hins vegar ekki verið innistæða fyrir verðbréfakaupunum á framangreindum reikningi stefnda.

Um verðbréfaviðskiptin gildi samningur stefnda og Glitnis banka, kt. 000000-0000, síðar Nýja Glitnis banka hf., kt. 000000-0000, nú Íslandsbanka hf., kt. 000000-0000, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf. frá 14. október 2008.

Samningur stefnda við stefnanda hafi verið gerður í tíð Íslandsbanka-FBA hf., kt. 000000-0000, sem síðar varð að Glitni banka hf., nú Íslandsbanka hf. kt.

000000-0000. Samningurinn hafi tekið til stofnunar vörzlureiknings hjá VÍB hf., dótturfélags Íslandsbanka-FBA, og viðskipta á ERGO.IS. Í skilmálum samningsins komi fram, að viðskiptamaður geti ekki selt önnur verðbréf samkvæmt skilmálunum en þau, sem skráð séu í vörzlu VÍB hf., hverju sinni, nema sérstök fyrirmæli liggi fyrir. Einnig komi fram, að viðskiptamaður geti komið fyrirmælum eða fyrirspurnum á framfæri við VÍB hf. með skriflegum eða skjallausum hætti, þ.e. með símtali, tölvupósti eða öðrum rafrænum samskiptum. Í skilmálunum komi einnig fram, að slík fyrirmæli skyldu að jafnaði gefin með innslætti á lokuðu svæði á viðskiptasíðu ERGO, þ.e. eftir að viðskiptamaður hafi gefið upp notandaheiti og lykilorð, en í þeim tilvikum, sem fyrirmæli væru gefin með öðrum hætti, væri VÍB hf. heimilt, en ekki skylt, að fara eftir þeim. Þá sé tekið fram, að viðskiptamaður beri sönnunarbyrði fyrir því, að fyrirmæli hafi verið gefin, komi upp ágreiningur milli aðila, sbr. grein 6.2 í fyrrnefndum skilmálum. Greiðslur vegna viðskiptanna skyldu allar fara fram um innlánsreikning viðskiptamanns hjá Íslandsbanka-FBA hf., sem viðskiptamaður hafi gefið upp, eða um tékkareikning sem stofnaður hafi verið samkvæmt umsókn við upphaf viðskiptanna, nema um annað hafi verið samið, sbr. grein 6.3 í skilmálunum. Í skilmálunum sé jafnframt tekið fram, að viðskiptamaður beri fulla ábyrgð á viðskiptum sínum á ERGO, og að tilboð, sem gerð séu í viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands hf., nú Kauphallar Íslands, séu bindandi og á ábyrgð viðskiptamanns. Það verð, sem fram komi í slíku tilboði, sé skuldbindandi af hálfu viðskiptamanns og tilboðstaka, sbr. grein 15.3.

Kaupverð hlutabréfanna hafi verið samtals að fjárhæð kr. 1.979.698, og þóknun vegna kaupanna hafi numið kr. 19.797. Heildarskuldin vegna viðskiptanna sé því samtals kr. 1.999.495. Stefnnda hafi verið sent innheimtubréf þann 13.10. 2008.

Tilraunir til innheimtu skuldarinnar hafi reynzt árangurslausar, og sé málsókn þessi því nauðsynleg.

Byggt sé á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Dráttarvaxtakrafa byggist á III. kafla l. nr. 38/2001. Um varnarþing vísist til 1. mgr. 32. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málskostnaðarkrafa styðjist við XXI. kafla l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, en skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 sé stefnandi ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Málsástæður stefnda

Aðalkröfu sína um sýknu kveðst stefndi byggja á því, að ekki hafi verið kominn á bindandi samningur um umrædd hlutafjárkaup, enda beri skjal það, sem lagt hafi verið fram af stefnanda, sbr. dskj. 5, ekki með sér, að um sé að ræða bindandi kauptilboð af hálfu stefnda. Í fyrirsögn þess skjals, sem stefndi hafi undirritað segi, að um sé að ræða „afgreiðslupöntun“, og að undirritaður hafi beðið um eftirfarandi viðskipti. Á engan hátt sé hægt að túlka umrætt skjal þannig, að kaupin eigi sér stað þá þegar, enda sé ekki gert ráð fyrir, að greiðsla eigi sér stað fyrir en þó nokkrum dögum síðar. Tilvísanir í stefnu til ákvæða í samningi milli stefnda og Íslandsbanka-FBA, sem gerður hafi verið fyrir tæpum 9 árum síðan, séu að mestu leyti haldlaus, með vísan til breyttrar löggjafar og neytendasjónarmiða í

verðbréfavíðskiptum. Vísað sé til þess, að víðskiptamaður beri, skv. samningnum, „fulla ábyrgð á víðskiptum sínum á ERGO og að tilboð, sem gerð séu í víðskiptakerfi Verðbréfafings Íslands, nú Kauphallar Íslands, séu bindandi og á ábyrgð víðskiptamanns.“ Hér sé væntanlega verið að vísa til ákvæðis 15.3. í umræddum samningi. Sé ákvæðið skoðað, komi í ljós, að átt sé við tilboð, sem víðskiptamaður framkvæmi milliliðalaust í gegnum SAXESS víðskiptakerfið. Ljóst sé, að ekki sé um slíkt að ræða í því tilviki, sem hér um ræði. Beri þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði litið svo á, að bindandi kauptilboð hafi komizt á, vísi stefndi til meginreglna kauparéttar um, að áhættan af hinu selda liggi hjá seljanda, þar til afhending hafi farið fram. Umrædd hlutabréf hafi ekki verið færð yfir á vörzlureikning stefnda, og þar með ekki afhent, fyrr en þann 7. október 2008, sbr. dskj. 22. og 23., en á þeim tíma hafði FME tekið yfir bankann og hlutabréfin því að engu orðin. Með aðkomu FME hafi bréfin nánar tiltekið ekki lengur haft til að bera áskilda eiginleika hlutabréfa, þar sem ekki hafi lengur verið unnt að eiga víðskipti með bréfin í Kauphöll Íslands. Hvorki réttindi né skyldur hafi fylgt bréfunum, og þau hafi að öðru leyti verið búin að tapa þeim eiginleikum, sem skráð hlutabréf hafi til að bera. Ekki hafi aðeins verið um það að ræða, að hlutabréfin hefðu fallið í verði, eins og gera megi ráð fyrir að hlutabréf geti gert, heldur hafi þau verið verðlaus og réttindalaus með öllu, þegar að afhendingu þeirra kom. Fráleitt sé að ætla, að kaupanda beri að inna kaupverð af hendi fyrir söluandlag, sem ekki sé lengur til staðar, þegar afhending eigi að eiga sér stað. Mætti líkja slíku við það, að krafín sé greiðsla fyrir ótryggða húseign, sem þegar hafi brunnið til grunna á afhendingar- og greiðsludegi. Beri þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði litið svo á að bindandi kauptilboð hafi komizt á, leggi stefnandi sérstaka áherzlu á, að þá sé samningurinn engu að síður ógildur á grundvelli forsendubrests. Ljóst sé, að stefndi hafi verið í góðri trú um, að Glitnir banki stæði styrkum stoðum, eftir að íslenska ríkið hafði veitt 84 milljörðum í aukið hlutafé bankans, enda hafi fullyrðingar, bæði stjórnenda bankans og ríkisins í fjölmiðlum, allar verið einróma á þann veg, að bankanum hefði verið bjargað, sbr. dskj. 11.-19. Þegar hlutafjárloforð ríkisins hafi verið dregið til baka og þess í stað sett ný löggjöf, sem ákvörðun FME um yfirtöku bankans byggist á, hafi verið ljóst, að allra veigamestu forsendur stefnda fyrir hlutafjárkaupunum væru alfarið brostnar. Hafi forsendurnar verið svo afgerandi, að um ákvörðunarástæðu hafi verið að ræða af hálfu stefnda. Hafi stefnanda mátt vera fullljóst um þá staðreynd.

Efndir gagnaðila séu mikilvæg forsenda fyrir efndum hvors aðila um sig. Þar sem stefnandi hafi ekki lengur getað afhent þau hlutabréf, sem umrætt kauptilboð tók til, sé ljóst, að forsendur greiðslu af hálfu stefnda hefðu fallið niður.

Kauptilboðið sé, að mati stefnda, enn fremur ógilt með vísan til 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 (smnl.), en þær aðstæður, sem hér um ræði, uppfylli skilyrði beggja tilvitnaðra ákvæða. Varðandi skilyrði 33. gr. smnl., þá sé gert ráð fyrir því, að loforðsmóttakandi/tilboðshafi geti ekki borið fyrir sig löggerning, ef það yrði talið óheimarlegt vegna atvika, sem fyrir hendi voru við gerð löggerningsins og ætla megi, að hann hafi haft vitneskju um. Ekki sé hægt að ætla annað en að yfirmenn bankans hafi vitað um slæma stöðu hans og yfirvofandi gjaldþrot á þeim tíma, sem umrædd pöntun fyrir hlutabréfavíðskiptum átti sér stað,

enda verði að telja afar ólíklegt, að svo áhrifamiklir hlutir gerist á rúmlega einni helgi, sem valdi því, að banki fari úr því að vera traust bankastofnun, svo sem haldið hafi verið fram í fjölmiðlum, og yfir í það að vera gjaldþrota. Því til stuðnings vísi stefndi til dskj. nr. 20, þar sem staðfest sé, að Glitnir banki hafi ekki verið fær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðna tiltekinna reikninga þann 3. október 2008. Verði í það minnsta að telja afar ógætilegt, að starfsmenn stefnanda hafi á þessum tíma beinlínis verið að beina viðskiptavinum inn á fjárfestingar í bankanum. Þær upplýsingar, sem starfsmenn stefnanda hafi gefið stefnda beint, og þær yfirlýsingar, sem gefnar hafi verið í fjölmiðlum af stjórnendum stefnda og af fulltrúum ríkisins, sem nú sé eigandi stefnanda, hafi í bezta falli verið afar ógætilegar, en í versta falli sviksamlegar, enda hafi upplýsingarnar leitt til rangra hugmynda stefnda um öryggi fyrirhugaðrar fjárfestingar.

Stefndi bendi einnig sérstaklega á, að hlutabréf til efnda umræddra hlutafjárkaupa hafi ekki legið fyrir fyrr en 6. október 2008, eftir að neyðarlögin höfðu verið sett, sbr. dskj. 23. Sú staðreynd, að starfsmaður stefnanda hafi haft samband við stefnda að kvöldlagi sunnudagsins 5. október 2008 og beðið hann um að greiða fyrir bréfin fyrr en gert hafi verið ráð fyrir, líti enn einkennilegar út í ljósi þessa, enda sýni atvik og aðstæður allar fram á, að stefnandi hafi vitað, hvert bankinn stefndi, og að hann hafi reynt, í örvæntingu sinni, að innheimta kaupgreiðslur vegna hlutabréfa, sem hvorki hafði verið búið að afla né afhenda þau kaupanda þeirra.

Ákvæði 36. gr. smnl. sé enn víðtækara en ákvæði 33. gr., en skilyrði ákvæðisins séu nánar tiltekið þau, að samningi megi víkja til hliðar að því fullnægðu, að það væri ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við slíkt mat sé m.a. lítið til stöðu samningsaðilanna með það fyrir augum að styrkja réttarstöðu neytenda. Í því máli, sem hér um ræði, sé augljóst, að staða stefnda, sem hafi afar takmarkaða reynslu af hlutafjárkaupum, hafi verið talsvert lakari en staða stefnanda, enda um að ræða sölu á hlutabréfum í stefnanda sjálfum. Aftur vísist til þeirra upplýsinga, sem ætla megi, að stefnandi hafi búið yfir um stöðu bankans á þeim tíma, sem kaupin voru gerð. Við mat á því, hvort talið verði ósanngjarnt að bera samning fyrir sig, skuli enn fremur taka tillit til atvika, sem síðar hafi komið til. Þó svo að aðstæður séu eðlilegar við samningsgerðina geti þannig atvik, sem síðar hafi komið til, leitt til þess, að talið yrði ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Afturköllun ríkisins á hlutafjárloforði sínu og tilkoma hinna svokölluðu neyðarlaga og ákvörðun FME um yfirtöku bankans hljóti að teljast til slíkra atvika, enda verði þau til þess, að forsendur kaupanna bresti að öllu leyti. Ákvæðið falli því fullkomlega að þeim aðstæðum, sem hér um ræði, enda hafi söluandlagið ekki lengur verið til, þegar komið hafi verið að greiðslu kaupverðsins. Um mat á því, hvort það sé andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig umrætt kauptilboð, gildi sanngirnisjónarmið, en að mati stefnda geti það vart talizt sanngjarnt að bera fyrir sig kauptilboð, eða öll heldur pöntun á viðskiptum, þannig að tilboðsgjafi/sá sem panti, þurfi að greiða fyrir söluandvirði, sem ekki sé lengur til staðar á afhendingar- og greiðsludegi kaupanna.

Ljóst sé, að stefnandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar sem fjármálastofnun skv. lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvskl.), en lögin hafi m.a. innleitt hina svokölluðu MiFID tilskipun Evrópusambandsins. Markmið tilskipunarinnar hafi einna helst verið að innleiða reglur út frá neytendasjónarmiðum, þar sem fjárfestum

sé veitt víðtæk vernd á verðbréfamarkaði, og að auka kröfur til skipulags og stofnunar fjármálafyrirtækja til að takmarka hættu á hagsmunaaðrekstrum, sem skaðlegir séu fyrir hagsmuni viðskiptavina. Nánar tiltekið hafi stefnandi brotið gegn ákvæðum laganna um góða viðskiptavenju (5. gr.), þar sem hagsmunir stefnda sem viðskiptavinar hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi (hagsmunaaðrekstrar 8. gr.). Þegar starfsmaður stefnanda hringi í stefnda að kvöldi sunnudagsins 5. október sé ljóst, að ástæða símtalsins sé vitneskja stefnanda um yfirvofandi fall bankans og því reynt að innheimta kaupverð hluta, sem ekki hafi verið afhentir (upplýsingagjöf til viðskiptavina, 14. gr.), m.a. þar sem gert hafi verið lítið úr þeirri áhættu, sem kaupunum fylgdi, öflun upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar og markmið með fyrirhugaðri fjárfestingu (15. gr.), öflun upplýsinga og mat vegna annarra verðbréfavíðskipta (16. gr.), beztu framkvæmd verðbréfavíðskipta (e. best execution, 18. gr.), flokkun viðskiptavina (21. gr., sbr. einnig 27. gr. reglugerðar nr. 995/2007).

Sérstaklega sé því mótmælt, að það hafi nokkurt gildi, að stefnandi hafi lýst því yfir á pöntunareyðublaði, sbr. dskj. nr. 5, að bankanum sé óskilyt að „meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé viðeigandi“ fyrir viðskiptavin, þegar hann óski eftir því að eigin frumkvæði að eiga víðskipti með einfalda fjármálagerninga. Í umræddri yfirlýsingu sé vitnað til 16. gr. vvskl. og sé þá væntanlega átt við 4. mgr. þess ákvæðis. Stefndi mótmæli alfarið, að ofangreind ábyrgðarfirring sé gild, þar sem stefndi hafi ekki óskað eftir kaupum á bréfum í Glitni banka að fyrra bragði. Þvert á móti hafi það verið starfsmenn stefnanda, sem í einstefnu hafi ráðlagt stefnda að fjárfesta í umræddum bréfum.

Að lokum sé því mótmælt, að samningur, sem vísað sé til í stefnu á milli stefnda og VÍB, dags. 28.12. 2000, hafi nokkurt gildi í málinu, enda hafi stefnda ekki mátt vera það ljóst, að stefnandi hefði yfirtekið réttindi og skyldur skv. umræddum samningi. Enn fremur sé vísað til þess, að um sé að ræða að öllu leyti úreltan samning, sem gerður hafi verið í tíð laga nr. 13/1996, en síðan þá hafi átt sér stað veigamiklar lagabreytingar, sem tryggi viðskiptavinum mun meiri vernd gagnvart fjármálafyrirtækjunum en áður hafi verið.

Í stefnu sé því haldið fram, að málsókn þessi sé nauðsynleg, þar sem tilraunir til innheimtu hafi reynzt árangurslausar. Stefndi mótmæli þeirri málsástæðu alfarið, en vísi hins vegar til þess, að stefnandi hafi sýnt af sér fullkomið tómlæti í viðleitni sinni til að innheimta kaupverð umræddra bréfa hjá stefnanda. Þannig hafi stefndi mátt gera ráð fyrir því, að málið væri úr sögunni í kjölfar þess, að starfsmaður bankans hafi tjáð honum, að málið yrði látið niður falla, og að innheimtubríf hafi aðeins verið sent formsins vegna. Með því að aðhafast í engu á tímabilinu frá 13. október 2008 til 20. júní 2009 hafi stefnandi því firrt sig rétti skv. kröfunni, enda hafi stefndi með réttu mátt halda, að málið væri niður fallið.

Með vísan til alls ofangreinds beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði aðalkröfu stefnda um sýknu af öllum kröfum hafnað, mótmæli stefndi tilgreiningu í stefnu á upphafi dráttarvaxtaútreiknings. Þannig byggi stefndi varakröfu sína um lækkun kröfu á því, að í ljósi þess, að stefnda hafi verið tjáð af starfsmanni bankans, að ekkert yrði frekar aðhafzt vegna innheimtubrífis, dags. 13. október 2008, sbr. dskj. nr. 7, og að frekari innheimtuaðgerðir hafi ekki átt sér stað, fyrr en með útgáfu stefnu þann 4. júní 2009, sé eðlilegt að miða upphaf dráttarvaxta

við uppsögu dóms. Ber því af þessum ástæðum að lækka kröfur stefnanda.

Stefndi vísi aðallega til ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, einkum ákvæða III. kafla laganna um ógilda löggæringa, auk annarra meginreglna samningaréttar. Þá vísi stefndi til meginreglna kauparéttar, aðallega meginreglna um gagnkvæma efnarskyldu, afhendingu og áhættu af hinu selda. Stefndi vísi einnig til laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og þeirra tilskipana Evrópusambandsins, sem lögin innleiði, einkum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39/EB (MiFID-tilskipunarinnar). Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt sé byggð á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Sé því nauðsynlegt, að hann fái dæmt álag úr hendi gagnaðila, sem þeirri fjárhæð nemi.

IV

Forsendur og niðurstaða

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi sem og Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður reksturs- og innra eftirlits hjá eignastýringu Íslandsbanka, og Þórir Örn Árnason, forstöðumaður lögfræðideildar Íslandsbanka.

Samkvæmt afgreiðslupöntun, dags. 1. október 2008, á dskj. nr. 5 óskaði stefnandi eftir að kaupa hlutabréf fyrir að markaðsverði kr. 2.000.000 á hagstæðasta markaðsverði. Samkvæmt svokallaðri bráðabirgðakvittun, ódagsettri, á sama dómskjali, með yfirskriftinni „pöntun fyrir keyptum hlutabréfum í Kauphöll Íslands“, kemur fram, að stefnandi hefði keypt hlutabréf í Glitni banka, að nafnverði 420.318, á gengi 4,71, samtals að fjárhæð kr. 1.979.698. Dagsetning viðskiptanna eru sögð vera 2. október 2008 og dagsetning uppgjors 7. október 2008.

Steinunn Bjarnadóttir skýrði svo frá fyrir dómi, spurð um hvað fælist í orðinu pöntun á pantanaeyðublaðinu, að það þýddi beiðni um viðskipti. Stefndi hefði fengið bréfin inn á sinn vörzlureikning strax morguninn eftir að pöntunin var undirrituð, enda þótt hann hefði ekki verið búinn að greiða fyrir þau. Dagsetning uppgjors þýddi hins vegar, að þann dag yrði reikningur stefnda skuldfærður fyrir kaupverðinu. Hún kvað það vera pottþétt, að bréfin hefðu komið inn strax næsta dag, og það ætti að vera hægt að fá það staðfest. Hún kvaðst ekki hafa tímasetningu á því, hvenær viðskiptin hefðu orðið sýnileg í netbanka stefnda. Hún kvaðst ekki hafa veitt stefnda fjármálaráðgjöf enda hefði hann ekki óskað eftir því. Bankinn hefði almennt ekki ráðlagt fólki að kaupa hlutabréf á þessum tíma, þar sem þau hefðu verið að lækka frá júní/júlí 2007, en hún hefði ekki bent stefnda á, að þau hefðu verið að lækka. Spurð um dagsetningar á hreyfingu viðskipta á dskj. nr. 22 hinn 7. október og úthlutuð kaup 6. október og uppgærd 7. október á dskj. nr. 23, svaraði hún því til, að hún væri ekki sérfræðingur í verðbréfum og kynni ekki skýringu á því.

Þórir Örn Árnason skýrði svo frá m.a., að hann hefði ekki vitneskju um, hvenær stefndi hefði fengið hlutabréfin afhent. Afgreiðslupöntunin fæli í sér, að

stefndi hefði pantað kaupin, þannig að bankinn hefði þurft að kaupa þessi bréf fyrir hann í Kauphöllinni.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekki fengið bréfin inn á sinn vörzlureikning hinn 2. október, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda, heldur hafi þau fyrst komið inn hinn 7. október 2008.

Einu gögnin sem fyrir liggja í máli þessu og sýna, hvenær stefndi fékk umrædd hlutabréf á sinn vörzlureikning eða á sitt nafn, eru dskj. nr. 22 og 23. Dskj. nr. 22 stafar frá Nasdaq OMX Verðbréfaskráningu Íslands, þar sem fram kemur, að á tímabilinu 1. janúar 2008 til 19. október 2008 var eini færsludagur hlutabréfa í Glitni banka hf. á nafn stefnda hinn 7. október 2008, og þá að nafnverði 420.318. Þá kemur fram á dskj. nr. 23, sem ber yfirskriftina „raunumhverfi verðbréfaskráningar“, að þann 7. október hafi farið fram viðskipti frá VPÍ (uppgerð kaup) 420.318. Um hafi verið að ræða hlutabréf í Glitni banka hf.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið kominn á bindandi samningur milli aðila; áhættan af hinu selda hvíli á stefnanda, þar til afhending hafi farið fram; forsendur hafi brostið og kaupum rift; brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti; og tómlæti stefnanda.

Samningur sá, sem aðilar byggja viðskipti sín á, er umrædd afgreiðslupöntun. Pöntunin ber ekki með sér að vera gagnkvæmur samningur, enda er hún einungis undirrituð af stefnda, og ekkert í henni, sem virðist binda Glitni banka hf. sem samningsaðila. Það er hins vegar ágreiningslaust með aðilum, að kauptilboð eða pöntun stefnda var samþykkt af hálfu bankans, sem tók að sér að afhenda stefnda hin pöntuðu verðmæti á tilteknum degi, þ.e. 2. október 2008, gegn greiðslu fimm dögum síðar. Stefndi stóð hins vegar ekki við það að afhenda hin pöntuðu verðmæti á tilsettum tíma, en eins og að framan er rakið, er ósannað, að stefndi hafi fengið umrædd hlutabréf á sinn vörzlureikning fyrr en 7. október 2008. Þann dag voru bréfin hins vegar orðin algerlega verðlaus og voru ekki lengur skráð í Kauphöllinni og engin viðskipti með þau þar, enda verðgildi þeirra 0 krónur. Á þeim tímapunkti höfðu bréfin því ekki lengur þá eiginleika, sem stefndi mátti ætla að þau hefðu, þ.e. að vera hæf til viðskipta og að þeim fylgdu réttindi eða skyldur, svo sem stefndi byggir á. Þegar af þeim sökum, að stefndi stóð ekki við að afhenda bréfin á umsömdum tíma og enn fremur þar sem afhending umsaminna verðmæta var stefnda í raun ómöguleg síðar, þar sem engin verðmæti voru fyrir hendi, þegar yfirfærsla bréfanna á vörzlureikning stefnda fór fram, mátti stefnanda vera ljóst, að allar forsendur stefnda fyrir kaupum hlutabréfa í Glitni banka voru brostnar. Er því ekki hjá því komizt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 400.000, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Ragnar Sær Ragnarsson, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Nýja Glitnis banka hf. í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 400.000 í málskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir